


Y=20.200
X=−13.000

## GREINARGERÐ

**Teikn. nr. 062** 1995-05-24.gy.

### ATHUGUN Á FJÖLGUN ÍBÚÐA Í HVERFINU.

**Almennt.**

Til þessa voru ráðgerðar 310 íbúðir í Staðahverfi sem allt var norðan Strandvegar.
Hugmyndir um fjölgun íbúða í Staðahverfi sem settar voru fram á teikn. nr. 051, 052, 053 og 054 í nóvember og desember síðastliðnum eru hér útfærðar nánar í samræmi við þær ábendingar sem fram komu á fundum með Borgarskipulagi og fl.
Síðustu fundir voru 08. 03. og 29. 03. svo og 17. 05. 1995 en þá var teikn. nr. 061 til umfjöllunar.
Á teikn. 062 er gengið út frá breyttri legu Strandvegar/Víkurvegar eins og borgarverkfræðingur lagði til á fundi 17. 05. 1995.
Miðað er við nýtt skipulag golfvallar samkv. teikn. (frumrissi) Hannesar Þorsteinssonar dags. 16. 02. 1995.
Við Korpúlfsstaði er hægt að koma fyrir einu bílastæði á hverja 25 $m^2$ gólfflatar (um 6000 $m^2$) sem nemur um 250 stæðum.

**Forsendur:**
Breytt golfvallarskipulag.
Breytt lega Strandvegar/Víkurvegar.
Íbúðarsvæðið stækkað til vesturs.
Íbúðarhús Gunnars og Gylfa á miðsvæðinu fækkað um eitt, en hækkuð úr þremur í sex hæðir. Bílageymslur neðanjarðar.
Golfskáli svo og vélageymsla færð í Korpúlfsstaði.
Grunnskóli (1. - 10. bekkur) á svæðinu. Skólakólalóð (1,9 ha.)
Leikskólalóð (0,4 ha.) færð norður fyrir hringveg.
Tveggja hæða raðhúsum breytt í tveggja hæða fjölbýlishús.

**Aukning:**

| | |
|---|---|
| Fjölgun íbúða á miðsvæði: | Um 20 íbúðir í fjölbýli. |
| Fjölgun íbúða vegna fjölgunar fjölbýlishúsa í stað raðhúsa: | Um 10 íbúðir í fjölbýli. |
| Fjölgun íbúða vestast í hverfinu: | Um 90 íbúðir í blandaðri byggð einbýlis- og einnar hæðar raðhúsa. |

**Samtals fjölgun: 120 íbúðir.**
**Íbúðafjöldi hverfisins verður samtals 430 íbúðir.**

BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2.3
Samþykkt í skipulagsnefnd 29.05.95
Samþykkt í borgarráði 30.05.95
Samþykkt í borgarstjórn

**237.95** **Staðahverfi,** *deiliskipulag*
9151 Lögð fram tillaga Gylfa Guðjónssonar, arkitekts, dags. 24.5.95, að deiliskipulagi
2.3 Staðahverfis. Ennfremur lögð fram á ný tillaga Hannesar Þorsteinssonar, arkitekts, dags. 16.2.95, að skipulagi golfvallar í Staðahverfi
*Gylfi Guðjónsson arkitekt kom á fundinn og skýrði skipulagstillögu sína.*
*Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða svofellda bókun:*
*"Skipulagsnefnd samþykkir í megin atriðum tillögu að deiliskipulagi Staðahverfis, sbr. teikningu nr. 062 frá Teiknist. Gylfa Guðjónssonar, dags. 24.05.95. Nefndin samþykkir einnig breytt fyrirkomulag golfvallar eins og það kemur fram á skipulagstillögunni, en það er í samræmi við teikningu (frumriss) Hannesar Þorsteinssonar golfvallahönnuðar, dags. 16.02.95. Nefndin gerir að tillögu sinni til borgarráðs að strax verði gengið til samninga við Golfklúbb Reykjavíkur um breytt fyrirkomulag vallarins og einnig mögulega nýtingu hluta Korpúlfsstaða sem félagsheimilis og geymsluhúsnæðis fyrir golfklúbbinn. Skipulagstillögunni vísað til umferðarnefndar og umhverfismálaráðs".*

## SKÝRINGAR:

- 3 m MALARREIÐSTÍGAR
- 3 m MALBIKAÐIR GÖNGU–OG HJÓLREIÐASTÍGAR
- 2 m MALARGÖNGUSTÍGAR
- UNDIRGÖNG
- BRÚ (GANGANDI, HJÓLANDI, RÍÐANDI)
- GÖNGUBRÚ
- VEIÐISTAÐIR

**TEIKNISTOFA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
ARKITEKT FAÍ
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK SÍMI 28740

**REYKJAVÍKURBORG,** STAÐAHVERFI

**DEILISKIPULAG**
YFIRLITSUPPDRÁTTUR
STAÐAHVERFI OG NÁGRENNI.

VERK 92–319
BLAÐ 062

HANNAÐ GY | TEIKNAÐ SJÓ | REYKJAVÍK 1995–05–24